

TVÆR ÆÐAR Í NAFLASTRENG

ICD-10 greining: Q27.0

Meðfædd vöntun eða vanvöxtur naflastrengsslagæðar

Venjulega eru þrjár æðar í naflastreng þ.e. tvær slagæðar og ein bláæð. Fjöldi æða í naflastreng er sérstaklega metinn í 20 vikna ómun og þá finnst stundum ein slagæð og ein bláæð eða tvær æðar í naflastrengnum. Þessi tilvik eru fá eða um 0.5%.

Ef einungis tvær æðar sjást í naflastreng er leitað eftir öðrum frávikum t.d. hjartagöllum. 96% þeirra sem hafa 2 æðar í naflastreng hafa engin önnur frávik og eru þær konur í mæðravernd í heilsugæslu.

Rannsóknir hafa sýnt aðeins auknar líkur á vaxtarskerðingu (x2) og því er fylgst með vexti fósturs og legvatnsmagni með ómun við 28-32v og 32-34v meðgöngu. Sjá fróðleiksmola um vaxtarskerðingu.

Almennt er ekki þörf á auknu eftirliti með barninu í fæðingu ef eingöng er um að ræða 2 æðar í naflastreng án fylgikvilla.

Ekkert sérstakt eftirlit þarf með nýbura eftir fæðingu eða síðar í uppvextinum.